

Dags eftirlits	14.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rífós hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Röndin, Kópaskeri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5006922869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Alvaro Martin Pulido	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Linda Björk Nielsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit. Þrjár ábendingar voru settar fram um að gera skal mælingar bæði við inntak innrennslis (núllpunkt) sem og við útrás frárennslis, að tengja skuli niðurföll í verkstæðisrými við olfuskilju þegar hún verður standsett og að uppfærð vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi skuli send til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um landeldisstöð fyrir eldi á laxfiskum er að ræða, með eldisaðstöðu innandyrna og hámarkslífmassa á hverjum tíma allt að 400 tonnum. Stöðin stendur við Röndina, við Kópasker. Frárennslíð er leitt í gegnum tromlusíur og þaðan út í sjó. Um ný byggða stöð er að ræða og enn er verið að vinna að byggingaframkvæmdum á svæðinu. Starfsleyfið gildir til 15. apríl 2037.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Eftirlitsliður Orkustofnunar
- Skoðunarferð um stöðina

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2021, en tvær ábendingar voru settar fram um að öryggisblöð fyrir sápur, sótthreinsiefni og maurasýru vantar við efnageymslu og að gera skuli mælingar bæði við inntak innrennslis (núllpunkt) sem og við útrás frárennslis. Brugðist var strax við öryggisböðunum og þau sett upp við efnageymslur en áfram er minnt á að mæla þarf núllpunkt við mælingar á frárennslisvatni.

Er eftirlitið fór fram voru um 230 tonn af fiski í stöðinni. Seiðin koma inn í stöðina frá stöð rekstraraðila að Lóni, Kelduverfi eftir smoltun, eða um 60g að þyngd. Seiðin eru alin upp í að meðaltali 400g og eru þá flutt í sjókvíar á vegum rekstraraðila á Austfjörðum og er næsta seiðasending áætluð í Vattarnes þann 29. júní nk.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Allt fóður er nú flutt í sekkjum í stöðina og fært þaðan yfir í síló. Stefnt er að því að fóður verði flutt með bílum í framtíðinni og verði dælt beint á síló og með því minnka það plastmagn sem fer frá stöðinni. Öll fóðrun er sjálfvirk og útreikningur fóðurmagns og gjafar í FishTalk.

Allar skráningar fara inn í FishTalk og EQS og eru þær aðgengilegar öllum starfsmönnum þar. Engar

athugasemdir eru gerðar um skráningarnar. Gæðahandbók er til staðar á rafrænu formi sem og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og umhverfismarkmið. Áætlun um meðhöndlun úrgangs var send eftirlitsaðila að eftirliti loknu. Óskað hefur verið eftir því að vöktunaráætlun verði einnig send til eftirlitsaðila eins fljótt og unnt er. Þjálfun starfsmanna er skráð í EQS grunninn og er þjálfun sett upp með reglulegum hætti.

Skv. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og færa grænt bókhald árlega og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár. Var þeim gögnum skilað þann 30. apríl sl. Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar þann 31. maí sl. og er næsta mæling fyrirhuguð við næstu lámarksfóðrun skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Minnt er á að taka skal sýni bæði við inntak í stöðina (núll punkt) sem og við útrás frárennslis frá stöðinni. Niðurstöður síðustu mælinganna voru afhentar í eftirlitinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Nýr tvöfaldur stálgeymir fyrir olíu er við vararafstöð stöðvarinnar. Verið er að útbúa lekaþró undir geyminn sem tengt verður við olíuskilju. Plan verður steypst undir geyminn og frárennslislagnir frá verkstæðisrými tengdar inn á olíuskiljuna. Skiljan er komin á staðinn og bíður þess að vera sett niður.

Gengið var um stöðina, tromlusía skoðuð, frárennslisrör og olíugeymir. Lóðin er enn nokkuð ófrágengin en minnt er á að ganga skal frá öllu rusli jafn óðum og verkum er lokið. Enn er nokkuð af byggingarefni á svæðinu og skal huga að lokafrágangi lóðarinnar að framkvæmdum loknum.

Allur almennur úrgangur er sóttur af sveitarfélaginu og fer til urðunar en dauðfiskur er settur í meltutank. Seyra frá tromlusíum er sótt með haugsugu u.þ.b. 1-2 sinnum í mánuði og seyran sett á uppgræðslur í nágrenni stöðvarinnar skv. samningi þar um. Rekstraraðili hefur áburðarleyfi frá MAST vegna nýtingar meltunnar sem áburðargjafa.

Samningur hefur verið gerður um meindýravarnir á svæðinu og verður áætlunin uppfærð eftir þörfum.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að gera skal mælingar bæði við inntak innrennslis (núllpunkt) sem og við útrás frárennslis. Einungis var tekið sýni við útrás, við síðustu sýnatöku.

Einnig er sett fram ábending um að niðurföll í verkstæðisrými skulu tengd inn á olíuskilju. Skiljan er komin á staðinn og bíður þess að vera sett niður í jörð og verða frárennslislagnir verkstæðis og plan undir olíugeymi tengdar inn á skiljuna.

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun skv. gr. 5.1 í starfsleyfi og senda til eftirlitsaðila eins fljótt og unnt er.

ANNAÐ

Tvær kvartanir hafa borist til eftirlitsaðila varðandi lit og froðu við útrás rekstraraðila. Rekstraraðili sendi skýringu þess efnis að um óhapp við losun tromlusíu hafi verið að ræða og hafi verklagi nú verið breytt svo að ekki eigi að vera hætta á að atvikið endurtaki sig. Engin önnur mengunaráhöpp hafa átt sér stað frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar. Einnig fylgdi kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Farið var yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verður óboðað.

Fulltrúi Orkustofnunar var viðstaddur eftirlitið og framkvæmdi eftirlit með nýtingarleyfi til töku grunnvatns (leyfi OS-2021-L012-01).

Reykjavík, 06.07.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir